

Flokksráð VG gerir þá skilyrðislausu kröfu að yfirstandandi aðlögunarferli að Evrópusambandinu verði stöðvað, svokallaðri rýnivinnu vegna málsins hætt og að ekki komi til boðaðra fjárveitinga úr sjóðum ESB inn í íslenskt efnahags- og stjórnmálalíf. Flokksráð VG ítrekar þá afstöðu flokksins að hagsmunum Íslands sé betur borgið utan ESB. Mikilvægt er að sú afstaða flokksins komi skýrt fram í þjóðmálaumræðunni hvað sem líður ríkisstjórnarsamstarfi VG og Samfylkingar.

Flokksráð VG telur að það ferli sem nú er hafið samrýmist ekki þeim hugmyndum sem lagt var upp með í samstarfi ríkisstjórnarflokkanna. Til þess að mæta kröfu um lýðræðislegan framgang og niðurstöðu í samningaviðræðum ályktar flokksráð VG að þegar í stað skuli teknar upp efnislegar viðræður við Evrópusambandið um grundvallarhagsmuni Íslands. Niðurstöður þeirra viðræðna liggja fyrir ekki síðar en 1. mars næstkomandi. Ríkisstjórn og Alþingi taki síðan ákvarðanir í ljósi þeirrar niðurstöðu sem þá liggur fyrir.

Boðað skal til landsfundar VG þegar umrædd svör hafa borist og hann haldinn ekki síðar en 15. apríl 2011.

Þeir grundvallarhagsmunir sem flokksráð VG telur að svör þurfi að liggja fyrir um eru m.a. eftirtaldir:

- Hvort Ísland hafi óbreytt og óskorað forræði yfir 200 mílna fiskveiðilögsögu.
- Hvort áfram verði í gildi sú undanþága sem Ísland hefur samkvæmt EES samningi til að takmarka fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi.
- Hvort Ísland haldi rétti sínum sem strandríki og fari áfram með samningsumboð og forræði vegna íslenskrar lögsögu á sviði fiskveiða og hafréttar meðal annars með tilliti til deilistofna.
- Hvort íslensk stjórnvöld hafi rétt til að takmarka og eftir atvikum banna innflutning á lifandi dýrum, hráu kjötmeti og öðrum þeim vörum sem ógnað geta hreinleika og öryggi í íslenskum landbúnaði og íslenskri náttúru.
- Hvort Íslendingar ráði sjálfir hvernig hagað verði framleiðslustýringu í landbúnaði og geti dregið úr styrkjum og aukið þá án utanaðkomandi afskipta.
- Hvort Ísland geti staðið utan Evrópsku varnarmálastofnunarinnar og staðið utan við samstarf ESB á sviði varnarmála sem útheimti m.a. liðsmenn til viðbragða, friðargæslu og hernaðar.
- Hvort Ísland haldi ótvíræðu forræði sínu og stöðu sem strandríki og sjálfstæður samningsaðili meðal ríkja á norðurslóðum.

- Hvort tryggt verði að íslenskir kjarasamningar gildi á íslenskum vinnumarkaði þannig að launakjör séu ekki sett á alþjóðlegan uppboðsmarkað eins og ítrekað hefur gerst innan Evrópusambandsins m.a. með ákvörðunum ESB-dómstólsins.

Greinargerð

Á því rúma ári sem liðið er frá því naumur meirihluti á Alþingi tók ákvörðun um aðildarumsókn að ESB hafa forsendur breyst í grundvallaratriðum. Umsóknin snýst ekki lengur um að kanna hvað í boði er af hálfu ESB, eins og áður var látið í veðri vaka, heldur er nú að hefjast flókið ferli aðlögunar að regluverki og stofnanakerfi ESB með milljarða fjárustri frá Brussel. Slíkar greiðslur frá erlendu stórveldi gera að engu þær vonir að hér fari fram lýðræðisleg og hlutlaus umræða um kosti og galla aðildar.

Eigi samningaviðræður um ESB-aðild að halda áfram er það lágmarkskrafa að ríkisstjórnin sjái til þess að Evrópusambandið hlutist með engum hætti til um íslensk innanríkismál og lokað verði fyrir fjárveitingar úr sjóðum þess sem ætlað er að hafa áhrif á afstöðu Íslendinga til aðildar.

Utanríkisráðherra hefur boðað að þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild fari ekki fram fyrr en eftir að leiðtogaáráð ESB hefur samþykkt fyrirhugaðan aðildarsamning, Evrópuþingið hefur veitt samþykki sitt og aðildarsamningurinn hefur verið undirritaður af öllum aðildarríkjum ESB svo og af hálfu ríkisstjórnarinnar. Skoðanakannanir seinasta árið hafa sýnt andstöðu mikils meirihluta kjósenda við aðild Íslands að ESB. Áframhaldandi aðlögunarferli er gróf ögrun við lýðræði í landinu. Vinstri hreyfingin grænt framboð mótmælir harðlega þessari málsmeðferð og hvetur jafnframt forystu VG til að halda á lofti andstöðu flokksins við aðild að ESB. Skýr rök VG gegn ESB-aðild þurfa að hljóma kröftuglega í þjóðmálaumræðunni nú og framvegis, m.a. vegna skerðingar fullveldis og lýðræðis, afsals á forræði yfir sjávarauðlindum og fiskistofnum og veikari stöðu Íslands á alþjóðavettvangi og á norðurslóðum.